

HEILBRIGÐISNEFND

Ár 2024, fimmtudaginn 14. nóvember kl. 11:05, var haldinn 155. fundur heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 4. hæð, Jörfa. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Birna Hafstein, Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Sandra Hlíf Ocares og fulltrúi frá samtaka atvinnulífsins, Ólafur Jónsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Tómas Guðberg Gíslason, Rósa Magnúsdóttir, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Svava Svanborg Steinarsdóttir og Hólmfríður Frostadóttir. Fundarritari var Magnea Lillý Friðgeirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Lagt fram til kynningar níu mánaða fjármálauppgjör. Hreinn Ólafsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. HER24010001
- Fram fer kynning á nýju starfsfólki hjá umhverfiseftirliti Reykjavíkur. HER24010001
- Fram fer umræða um aðkomu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna hópsýkingar á leikskólanum Mánagarði. HER24010001
- Fram fer umræða um stöðvun á starfsemi leikskólans Sælukots og aðkoma Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. HER24010001
- Lagt fram til upplýsingar endurskoðun á starfsleyfi Bálstofunnar. HER24010001
- Lagt fram dagatal yfir fundi heilbrigðisnefndar árið 2025. HER24010001
- Lögð fram skipulagslýsing aðalskipulags Reykjavíkur um íbúðaruppbyggingu í grónum hverfum, dags. ágúst 2024 þar sem farið er fram á umsagnarbeiðni í Skipulagsgátt, mál nr. 1067/2024. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 15. október 2024. HER24010001
- Lagt fram frumvarp til laga um geislavarnir, dags. maí 2024 þar sem farið er fram á umsagnarbeiðni í Samráðsgátt, mál nr. S-196/2024. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 29. október 2024. HER24010001
- Lögð fram fyrirspurn Hrafns Hlööverssonar, dags. 15. ágúst 2024 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. október 2024 um uppbyggingu vetnisstöðvar við Stekkjarbakka, einnig er lögð fram umsagnarbeiðni frá skipulagsfulltrúa, dags. 23. október 2024. Jafnframt er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 5. nóvember 2024. HER24010001
- Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufunda Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 9. október 2024, 16. október 2024, 17. október 2024, 24. október 2024, 31. október 2024. HER24010001

Fundi slitið kl. 11:47

Aðalsteinn Haukur Sverrisson

Birna Hafstein
Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir
Ólafur Jónsson

Hjálmar Sveinsson
Sandra Hlíf Ocares